

## Áreiðanleiki netheimilda

Við ritgerðarskrif er nauðsynlegt að nota heimildir af fjölbreyttum toga. Í mörgum tilvikum er viðeigandi, jafnvel freistandi, að nota heimildir sem finna má á internetinu. Þá er áriðandi að muna að **hver sem er getur sett upplýsingar inn á netið og velja sér heimildir með gagnrýnu hugarfari**. Varast skal að velja bara fyrstu heimildina sem kemur upp þegar leitað er í leitarvél á borð við Google. Hafa skal í huga að leitarvélar eru hannaðar til þess að kortleggja notendur sína og hið sama gildir reyndar um hina ýmsu samfélagsmiðla. **Fyrsta heimildin sem kemur upp á leitarvélinni er því ekki endilega besta heimildin**. Hún er það sem leitarvélina „telur“ henta notandanum og áhugasviði hans.

Að ýmsu er að hyggja þegar meta á gildi heimildar. Hér eru tínd til nokkur atriði sem taka þarf mið af:

- Er höfundur að heimildinni? Er hann til í raun og veru?
- Er höfundur fræðimaður eða er hún skrifuð af leikmanni eða nemanda í grunnskóla, framhaldsskóla eða á grunnstigi háskóla (BA, BS, B.Ed)?
- Er vísað í heimildir? Ef svo er, eru þær heimildir áreiðanlegar? Er samræmi milli heimildanna?
- Hvenær er heimildin skrifuð? Er vefsíðan gömul og/eða úrelt?
- Á hvaða síðu birtist heimildin? Sem dæmi má nefna heimasíðu opinberrar stofnunar, bloggsíðu, spjallborð, fréttavefi og *Vísindavefinn*.
- Inniheldur vefsíðan áróður eða er auglýsing fyrir einhverja vöru? Standa öfgasamtök að henni?
- Á höfundur heimildarinnar fjárhagslegra eða annarra persónulegra hagsmuna að gæta?
- Er orðalag textans gildishlaðið eða í slagorðastíl?

Við þetta má bæta að **fólki hættir til að taka þær heimildir trúanlegar sem eru samhljóða skoðunum þess og er þá ekki eins gagnrýnið á uppruna þeirra**. Loks má nefna að val á leitarvél getur haft áhrif á úrval, og þar með gæði, þeirra heimilda sem upp koma við leit á netinu.